



Samanburður á fjölda tilkynninga til  
barnaverndarþjónusta á árunum  
2021 - 2023

**Mars 2024**

Við lok árs 2021 var Barnaverndarstofa lögð niður og ný stofnun, Barna- og fjölskyldustofa, tók við. Mánaðarlega skiluðu barnaverndarþjónustur<sup>1</sup> sískráningu tilkynninga, þ.e. tölulegum upplýsingum varðandi tilkynningar, til Barnaverndarstofu og er nú sömu upplýsingum skilað til Barna- og fjölskyldustofu. Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarþjónusta skv. sískráningu áráanna 2021, 2022 og 2023. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarþjónustanna sem birtast árlega á vefsíðu Barna- og fjölskyldustofu.

Tilkynningum til barnaverndarþjónusta fjölgaði um 11,3% á árinu 2023 miðað við árið á undan en um 14,9% ef miðað er við árið 2020. Fjöldi tilkynninga á árinu 2023 voru 15.240. Tilkynningum fjölgaði hlutfallslega mest í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, utan Reykjavíkur, eða um 15,3% miðað við árið 2022. Tilkynningum fjölgaði einnig í Reykjavík og á landsbyggð.

Flestar tilkynningar á árinu 2023 voru vegna vanrækslu á börnum eða 41,4% allra tilkynninga og er aðeins lægra hlutfall en á árunum 2022 og 2021. Hlutfall tilkynninga vegna ofbeldis gegn börnum á árinu 2023 var 25,6% og hlutfall tilkynninga vegna áhættuhegðunar barna var 32,4%.

Fyrir COVID-19 voru næstflestar tilkynningar almennt vegna áhættuhegðunar barna og unglunga, en breyttist við faraldurinn þegar fleiri tilkynningar vegna ofbeldis fóru að berast. Árið 2022 snerist sú þróun við og áhættuhegðun varð aftur næststærsti flokkur tilkynninga. Á það einnig við árið 2023. Hlutfall tilkynninga þar sem að heilsu eða lífi ófæddis barns var stefnt í hættu var 0,7% sem er svipað og fyrri ár.

Tilkynningum vegna vanrækslu á börnum á árinu 2023 fjölgaði um 6,4% frá árinu áður. Tilkynningum vegna vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit fjölgaði um 8%. Slíkar tilkynningar eru sérstaklega merktar ef þær berast vegna þess að foreldrar eru í áfengis- og/eða fíkniefnaneyslu og fjölgaði slíkum tilkynningum um 10,6% miðað við árið 2022 .

Tilkynningum vegna ofbeldis gegn börnum á árinu 2023 fjölgaði um 4,3% miðað við árið á undan en um 1,8% ef miðað er við árið 2021. Tilkynningum fjölgaði í öllum flokkum nema vegna kynferðisofbeldis þar sem tilkynningum fækkaði um 9,8% á milli ára. Mest fjölgaði um tilkynningar vegna líkamlegs ofbeldis en slíkar tilkynningar voru 12,1% fleiri árið 2023 en árið 2022. Í 30,4% tilvika voru slíkar tilkynningar vegna ofbeldis af hendi náins aðila.

Tilkynningum vegna áhættuhegðunar fjölgaði um 25,1% árið 2023 samanborið við 2022. Þá munaði helst um tilkynningar vegna þess að barn stefnir eigin heilsu í hættu og afbrota barns. Í byrjun árs 2023 var bætt við nýjum undirflokki vegna áhættuhegðunar barns: *barn kemur sér undan forsjá* en slíkar tilkynningar voru áður flokkaðar með flokknum *barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu*. Til að flokkarnir séu samanburðarhæfir við árin á undan, þarf því að leggja þá tvo flokka saman fyrir árið 2023 og sést að slíkar tilkynningar voru 1.832 í heildina eða 45,4% fleiri en árið 2022. Eru stúlkur þar í meirihluta, en 56,4% tilkynninga vegna þess að barn kom sér undan forsjá eða stefndi þroska og heilsu í hættu voru vegna stúlkna. Tilkynningum vegna afbrota barns fjölgaði einnig töluvert á milli ára, eða um 26,4%. Tilkynningum vegna þess að barn beitir ofbeldi fjölgaði um 12,6% árið 2023 frá því sem barst árið 2022. Flestar slíkra tilkynninga (vegna afbrota barns og barn beitir ofbeldi) eru vegna drengja, eða 76%.

---

<sup>1</sup> Um mitt ár 2021 varð lagabreyting og eru barnaverndarnefndir nú kallaðar barnaverndarþjónustur. Einhver breyting hefur orðið á umdæmum barnaverndarþjónusta frá því sem var en hefur ekki áhrif á þennan samanburð við fyrri ár.

Flestar tilkynningar bárust frá lögreglu, eða 37,8% tilkynninga á árinu 2023, sambærilegt hlutfall og fyrri ár. Tilkynningum frá skólum og heilbrigðiskerfinu heldur áfram að fjölga. Tilkynningum frá skólum fjölgaði um 14,2% á milli ára en um 17,7% frá heilbrigðiskerfinu. Þá má draga athygli að flokki tilkynnenda sem bætt var við í ársbyrjun 2022, *annað nærumhverfi barns*. Slíkar tilkynningar voru áður flokkar sem *annað* en árið 2023 voru tilkynningar frá nærumhverfi barns alls 1.000 talsins.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á árinu 2023 var 11.754 börn, en árið á undan voru þau 10.781 og 10.715 árið 2021. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

## Tilkynningar til barnaverndarþjónusta

### Fjöldi tilkynninga eftir kynjum

Kyn	2021		2022		2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	7.105	53,6	7.393	54,0	8.172	53,6
Stúlkur	6.051	45,6	6.206	45,3	6.956	45,6
Stálp <sup>1</sup>	7	0,1	11	0,1	8	0,1
Ekki vitað <sup>2</sup>	101	0,8	84	0,6	104	0,7
<b>Samtals</b>	<b>13.264</b>	<b>100</b>	<b>13.694</b>	<b>100</b>	<b>15.240</b>	<b>100</b>

<sup>1</sup>Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv. lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019


<sup>2</sup>Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

### Fjöldi tilkynninga eftir landsvæðum

Landsvæði	2021		2022		2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	4.954	37,4	4.953	36,2	5.462	35,8
Nágrenni Reykjavíkur <sup>1</sup>	3.600	27,1	3.616	26,4	4.170	27,4
Landsbyggð	4.710	35,5	5.125	37,4	5.608	36,8
<b>Samtals</b>	<b>13.264</b>	<b>100</b>	<b>13.694</b>	<b>100</b>	<b>15.240</b>	<b>100</b>

<sup>1</sup>Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

### Fjöldi tilkynninga eftir landsvæðum



<sup>1</sup>Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Landsvæði	2021		2022		2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	3.830	35,7	3.684	34,2	3.979	33,9
Nágrenni Reykjavíkur <sup>1</sup>	2.898	27,1	2.874	26,6	3.342	28,4
Landsbyggð	3.987	37,2	4.223	39,2	4.433	37,7
<b>Samtals</b>	<b>10.715</b>	<b>100</b>	<b>10.781</b>	<b>100</b>	<b>11.754</b>	<b>100</b>

<sup>1</sup>Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarheppur.

## Fjöldi barna skipt eftir kynjum

Kyn	2021		2022		2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	5.724	53,4	5.832	54,1	6.343	54,0
Stúlkur	4.895	45,7	4.863	45,1	5.313	45,2
Stálp <sup>1</sup>	8	0,1	11	0,1	5	<0,1
Ekki vitað <sup>2</sup>	89	0,8	75	0,7	93	0,8
<b>Samtals</b>	<b>10.715</b>	<b>100</b>	<b>10.781</b>	<b>100</b>	<b>11.754</b>	<b>100</b>

<sup>1</sup>Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019

<sup>2</sup>Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

## Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

	2021		2022		2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Ákveðið var að hefja könnun<sup>2</sup></b>	<b>7.410</b>	<b>69,2<sup>1</sup></b>	<b>6.977</b>	<b>64,7<sup>1</sup></b>	<b>7.124</b>	<b>60,6<sup>1</sup></b>
<i>Drengir</i>	3.807	51,4	3.658	52,4	3.639	51,1
<i>Stúlkur</i>	3.554	48,0	3.265	46,8	3.425	48,1
<i>Stálp eða ekki vitað<sup>3</sup></i>	49	0,6	54	0,8	60	0,8
<b>Þar af nýjar kannanir</b>	<b>3.532</b>	<b>33,0<sup>1</sup></b>	<b>3.572</b>	<b>33,1</b>	<b>3.681</b>	<b>31,3</b>
<i>Drengir</i>	1.755	49,7	1.845	51,7	1.900	51,6
<i>Stúlkur</i>	1.731	49,0	1.697	47,5	1.742	47,3
<i>Stálp eða ekki vitað<sup>3</sup></i>	46	1,3	30	0,8	39	1,1

<sup>1</sup> Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um.

<sup>2</sup> Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)

<sup>3</sup> Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Hér getur því verið um að ræða barn sem fellur utan kynjatvíhyggju eða ófætt barn.

## Ástæður tilkynninga<sup>1</sup>

Barnaverndarþjónustur flokka hverja tilkynningu eftir eðli eða meginástæðu tilkynningar, vanrækslu á börnum, ofbeldi gegn börnum, áhættuhegðunar barns eða þar sem tilkynnandi telur að heilsa eða líf ófædds barns sé í hættu. Aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu.

	2021		2022		2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Vanræksla á börnum	5.614	42,3	5.922	43,3	6.301	41,4
Ofbeldi gegn börnum	3.827	28,9	3.735	27,3	3.896	25,6
Áhættuhegðun barna	3.714	28,0	3.942	28,8	4.931	32,4
Vegna ófædds barns	102	0,8	84	0,6	104	0,7
<b>Alls</b>	<b>13.264</b>	<b>100</b>	<b>13.694</b>	<b>100</b>	<b>15.240</b>	<b>100</b>

<sup>1</sup>Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019.

Auk þeirra tilkynninga sem hér koma fram, bárust 2 tilkynningar þar sem viðkomandi barn féll utan kynjatvíhyggju á árinu 2020, sjö á árinu 2021 og 11 á árinu 2022. Vegna persónuverndarsjónarmiða koma ástæður þeirra tilkynninga ekki fram í töflunni hér að ofan en eru inn í heildarfjölda tilkynninga.

### Ástæður tilkynninga, undirflokkar

Líkt og áður segir má aðeins merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirflokkum t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokkanna fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

Vanræksla á börnum undirflokkar	2021		2022		2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Vanræksla</b>	<b>5.614</b>		<b>5.922</b>		<b>6.301</b>	
<i>Drengir</i>	2.930	52,2	3.160	53,4	3.329	52,8
<i>Stúlkur</i>	2.684	47,8	2.761	46,6	2.972	47,2
Líkamleg vanræksla	236		241		265	
<i>Drengir</i>	128	54,2	133	55,2	144	54,3
<i>Stúlkur</i>	108	45,8	108	44,8	121	45,7
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	4.900		5.148		5.560	
<i>Drengir</i>	2.584	52,7	2.740	53,2	2.959	53,2
<i>Stúlkur</i>	2.316	47,3	2.408	46,8	2.601	46,8
Þar af foreldrar í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu	2.006		1.946		2.152	
<i>Drengir</i>	1.065	53,1	1.034	53,1	1.091	50,7
<i>Stúlkur</i>	941	46,9	912	46,9	1.061	49,3
Vanræksla varðandi nám	266		267		257	
<i>Drengir</i>	120	45,1	137	51,3	129	50,2
<i>Stúlkur</i>	146	54,9	130	48,7	128	49,8
Tilfinningaleg vanræksla	416		382		384	
<i>Drengir</i>	199	47,8	204	53,4	169	44,0
<i>Stúlkur</i>	217	52,2	178	46,6	215	56,0

Ofbeldi gegn börnum undirflokkar	2021		2022		2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Ofbeldi</b>	<b>3.827</b>		<b>3.735</b>		<b>3.896</b>	
<i>Drengir</i>	1.843	48,2	1.732	46,4	1.962	50,4
<i>Stúlkur</i>	1.984	51,8	2.003	53,6	1.934	49,6
Tilfinningalegt ofbeldi	2.245		2.030		2.270	
<i>Drengir</i>	1.139	50,7	969	47,7	1.175	51,8
<i>Stúlkur</i>	1.106	49,3	1.061	52,3	1.095	48,2
Þar af hálfu náins aðila <sup>1</sup>	1.171		849		891	
<i>Drengir</i>	600	51,2	394	46,4	460	51,6
<i>Stúlkur</i>	571	48,8	455	53,6	431	48,4
Líkamlegt ofbeldi	965		1.083		1.214	
<i>Drengir</i>	562	58,2	640	59,1	702	57,8
<i>Stúlkur</i>	403	41,8	443	40,9	512	42,2
Þar af hendi náins aðila <sup>2</sup>	-	-	337		369	
<i>Drengir</i>	-	-	192	57,0	211	57,2
<i>Stúlkur</i>	-	-	145	43,0	158	42,8
Kynferðisofbeldi	720		693		625	
<i>Drengir</i>	195	27,1	164	23,7	173	27,7
<i>Stúlkur</i>	525	72,9	529	76,3	452	72,3
Þar af hendi náins aðila <sup>2</sup>	-	-	197		88	
<i>Drengir</i>	-	-	37	18,8	15	17,0
<i>Stúlkur</i>	-	-	160	81,2	73	83,0
Þar af stafrænt kynferðisofbeldi <sup>2</sup>	-	-	62		52	
<i>Drengir</i>	-	-	15	24,2	14	26,9
<i>Stúlkur</i>	-	-	47	75,8	38	73,1

<sup>1</sup>Hér hefur orðið breyting á orðnotkun. Í eldri skýrslum var vísað til heimilisofbeldis þegar börn urðu vitni af ofbeldi af hálfu náins aðila. Nú hefur verið vikið frá þeirri orðanotkun og vísað til tilfinningalegs ofbeldis af hálfu náins aðila


<sup>2</sup>Hér er um að ræða nýja skráningu og því ekki til fyrir fyrir ár.



Áhættuhegðun barna, undirflokkar	2021		2022		2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Áhættuhegðun barna</b>	<b>3.714</b>		<b>3.942</b>		<b>4.931</b>	
<i>Drengir</i>	2.333	62,8	2.502	63,5	2.887	58,5
<i>Stúlkur</i>	1.381	37,2	1.440	36,5	2.044	41,5
Neysla barns á vímuefnum	595		651		701	
<i>Drengir</i>	358	60,2	375	57,6	365	52,1
<i>Stúlkur</i>	237	39,8	276	42,4	336	47,9
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	1.277		1.260		1.636	
<i>Drengir</i>	600	47,0	587	46,6	733	44,8
<i>Stúlkur</i>	677	53,0	673	53,4	903	55,2
Barn kemur sér undan forsjá	-	-	-	-	196 <sup>1</sup>	
<i>Drengir</i>	-	-	-	-	65	33,2
<i>Stúlkur</i>	-	-	-	-	131	66,8
Afbrot barns	774		772		976	
<i>Drengir</i>	559	72,2	592	76,7	709	72,6
<i>Stúlkur</i>	215	27,8	180	23,3	267	27,4
Barn beitir ofbeldi	879		952		1.072	
<i>Drengir</i>	718	81,7	798	83,8	847	79,0
<i>Stúlkur</i>	161	18,3	154	16,2	225	21,0
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	298		397		489	
<i>Drengir</i>	150	50,3	214	53,9	237	48,5
<i>Stúlkur</i>	148	49,7	183	46,1	252	51,5

<sup>1</sup>Hér er um að ræða nýjan flokk en sambærilegar tilkynningar voru áður flokkaðar sem *barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu*.

## Ástæður tilkynninga



## Hversu oft var barn metið í yfirvofandi hættu

	2021		2022		2023	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Hversu oft var barn metið í yfirvofandi hættu<sup>1</sup></b>	<b>743</b>		<b>806</b>		<b>833</b>	
<i>Drengir</i>	368	49,5	402	49,9	456	54,7
<i>Stúlkur</i>	351	47,3	398	49,4	368	44,2
<i>Stálp eða ekki vitað<sup>2</sup></i>	24	3,2	6	0,7	9	1,1

<sup>1</sup> Fram til áramóta 2020-2021 var þessi skráning byggð á mati tilkynnanda, þ.e. hversu oft tilkynnandi taldi tiltekið barn í hættu. Frá 1. janúar 2021 hefur þessi skráning verið byggð á mati barnaverndarstarfsmanns.

<sup>2</sup> Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvívýggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Hér getur því verið um að ræða barn sem fellur utan kynjatvívýggju eða ófætt barn.

## Tilkynnendur

	2021		2022		2023	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Barnið sjálft	77	0,6	65	0,5	49	0,3
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	708	5,3	665	4,9	471	3,1
Nágrannar	796	6,0	657	4,8	576	3,8
Annað nærumhverfi barns <sup>1</sup>	-	-	746	5,4	1.000	6,6
Önnur barnaverndarþjónusta	169	1,3	207	1,5	194	1,3
Félagsþjónusta/þjónustumiðstöð	386	2,9	450	3,3	441	2,9
Lögregla	5.081	38,3	5.032	36,7	5.768	37,8
Skólaþjónusta	1.846	13,9	2.010	14,7	2.296	15,1
Leikskóli/dagforeldri	234	1,8	209	1,5	262	1,7
Íþróttir og tómstundarstarf <sup>1</sup>	-	-	71	0,5	48	0,3
Heilbrigðisþjónusta	1.442	10,9	1.628	11,9	1.916	12,6
Foreldrar barns	1.042	7,9	990	7,2	1.092	7,2
Aðrir	1.483	11,2	964 <sup>2</sup>	7,0	1.127	7,4
<b>Samtals</b>	<b>13.264</b>	<b>100</b>	<b>13.694</b>	<b>100</b>	<b>15.240</b>	<b>100</b>

<sup>1</sup>Hér er um að ræða nýja skráningu og því ekki til fyrir fyrri ár.

<sup>2</sup>Fyrir áramót 2022 flokkaðist *annað nærumhverfi barns* og *íþróttir og tómstundarstarf* undir flokkinn *annað* en er nú talið sérstaklega. Hér er því ekki um að ræða fækkun á milli ára.